



Mánudaginn 15. ágúst 2016 kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar.

Var fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundurinn hófst klukkan 16:10

Mætt voru: Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Kristín Rós Sigurðardóttir, Víðir Már Gíslason, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, Þórunn Ragnardóttir, fulltrúi starfsmanna, Ingvar Björnsson fulltrúi foreldra og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

- a. Brynjólfur Friðriksson, formaður setti fundinn.

2. Starfsmannamál, skólabyrjun:

- a. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri greindi frá þeim breytingum sem gerðar voru á skóladagatali hjá sveitarstjórn frá síðasta fundi Fræðslunefndar.
- b. Jafnframt greindi Sigríður frá því að Milan Djurica, íþróttakennari væri kominn í veikindafrí, ekki er reiknað með að Milan komi til vinnu í vetur.
- c. Ennfremur greindi Sigríður frá því að auglýst hefði verið eftir tveimum stöðum hjá Húnavallaskóla, 100% og 40% stöðu skólaliða og einni 20% stöðu í leikskólanum. Umsóknarfrestur er til 17. ágúst næstkomandi.
 - i. Nokkrar umsóknir hafa borist nú þegar.
- d. Fjöldi nemenda í Húnavallaskóla verður 48 börn á því skólaári sem er að hefjast.
- e. Fjöldi nemenda á leikskólanum Vallabóli verður 16 börn, þar af einn sem kemur inn um áramót.
- f. Talsverð umræða var um skólastarfið.


3. Samþykkt fræðslunefndar:

- a. Fræðslunefnd Húnavatnshrepps samþykkir eftirfarandi tillögu á fundi sínum þann 15. ágúst 2016.
 - i. „Fræðslunefnd vísar því til sveitarstjórnar Húnavatnshrepps að tryggja að Húnavallaskóli útvegi nemendum skólans ritföng, námsgögn og annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu án endurgjalds“

4. Önnur mál:

- a. Formanni Fræðslunefndar og fulltrúa foreldra er falið að leggja fram drög að reglum um skólaakstur á næsta fundi nefndarinnar.
- b. Talsverðar umræður urðu um tómstundastarf nemenda.
 - i. Samþykkt var að koma með fastmótaðri tillögu fyrir næsta fund Fræðslunefndar.
- c. Samþykkt var að hafa fundi Fræðslunefndar síðasta mánudag í hverjum mánuði á starfstíma skóla.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 17:20


Brynjólfur Friðriksson


Erla Gunnarsdóttir



Víðir Már Gíslason


Sigríður Aadnegard


Þórunn Ragnarsdóttir


Ingvar Björnsson


Kristín Rós Sigurðardóttir


Einar Kristján Jónsson